

Því firðirnir þekjast með hafskipa her,  
 og heiðarnar kljúfast í sundur.  
 Við það verða lýðir og löndin sterk,  
 að líta sín eigin handaverk.

Og hverjum þeim fæti sé þúsundföld þökk,  
 sem þyrmdi ei liðhylli sinni,  
 en tróð niður hreppamót hlykkjótt og skökk,  
 sem hugina kvíar hér inni;  
 það eru þeir fætur, þau fyrstu spor,  
 sem fjallkonan þarfnast—hún móðir vor.

Og það sé þá hugsun og heitorð hvers manns,  
 að hittast að ári, ef hann getur,  
 og mýkja þá fætur í miðsumardanz,  
 sem meiðast og kreppast í vetur.  
 Og þá mun svo fara, við fylgjumst að  
 við fleira en leiki—við sönnum það.

Framanprentað kvæði er ort fyrir nokkrum árum fyrir þjóð-  
 minningarsamkomu heima á Íslandi, eins og það ber með sér.—  
 Einn af vinum „Heimis“ fór einhverju sinni með eitt erindi úr  
 því fyrir oss, og gaf oss síðan afskrift af því. Með því að kvæð-  
 ið sver sig svo ánægjulega í ætt systkina sinna, og er auk þess í  
 fárra manna höndum hér vestra, þá tókum vér það með bessa-  
 leyfi fullvissir um, að þeim fáu, sem þekkja það, þyki ekki góð  
 vísa of oft kveðin, og í þeirri von, að höfundurinn fyrirgefi oss  
 vorar skuldir, meðan djarftækni vor nær að eins til góðra hluta.

## Hjátrú.

Smágreinar úr Plutarch's „De Superstitione.“

Guðsafneitun —sem í sjálfu sér er skilningsleysi, að enginn  
 hlutur sé varanlegur né nokkur sæla til—virðist á stundum vera  
 hugarhægð vegna trúleysis á helga dóma.